

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2002 frá 27. september 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar ráðsins 2005/12/EB frá 20. desember 2004 um breytingu á ákvörðun 1999/847/EB að því er varðar framlengingu á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að hið aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í þriðja undirlið (ákvörðun ráðsins 1999/847/EB) í b-lið 8. mgr. 10. gr. bókunar 31 við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 D 0012:** Ákvörðun ráðsins 2005/12/EB frá 20. desember 2004 um breytingu á ákvörðun 1999/847/EB að því er varðar framlengingu á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtíð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 7).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. EBL 336, 12.12.2002, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.